

- Það má finna ýmsar upplýsingar á heimasíðu leikskólans, helstu fréttir, námsskrá, faglegar áherslur, skóladagatal, skýrslur, starfsfólk og matseðil mánaðarins.
- Opnunartími er 7:45-16:30, hvorki er hægt að koma fyrr né síðar. Vinnutímar starfsfólks ráðast af vistunartímum barna og því mikilvægt að virða hann. Athugið að ekki er alltaf hægt að manna opnun á öllum deildum vegna þess að einnig þarf að gæta að mönnun síðdegis.
- Upplýsingastreymi þarf að vera betra, ætlunin er að fjölga foreldraviðtölum yfir árið og koma skilaboðum betur til skila.
- Leikskólalóðin mætti vera skemmtilegri. Kastalinn er stór og mikill og er fyrir 3ja ára og eldri. Yngri börn komast illa upp í hann. Verið er að athuga með breytingar á lóðinni, það á að skipta henni í tvennt í sumar og opna betur fyrir aðgengi að gróðrinum.
- Það er heilmikil skipulög hreyfing í Hulduheimum bæði úti og inni þó að salur hússins sé mat-salur. Þá er stundum farið í hreyfingu þar inni þegar búið er að færa til borðin. Við þurfum að koma upplýsingum betur frá okkur til ykkar um það.
- Mannabreytingar og veikindi verða oft með litlum fyrirvara og erfitt að sporna gegn þeim. Veikindi flokkast undir persónuvernd og dálítið flókið að upplýsa um þau. Við reynum að láta vita um leið og eitthvað liggur ljóst fyrir.
- Það er erfitt að eiga við geitungana í ágúst en við reynum eins og við getum að halda þeim fjarri.
- Lóðin er alltaf yfirfarin að morgni og allt fjarlægð sem ekki á heima þar s.s. saur katta/hunda, glerbrot, sígarettustubbar og annað rusl.
- Aðlögun er mjög mikilvægt ferli og standa þarf vel að henni. Nú fer að koma að aðlögun á milli deilda og þá reynum við að taka tillit til vinahóps, kynjahlutfalls og óska foreldra en möguleikarnir eru mismiklir og stundum lítið svigrúm.
- Við viljum einnig taka það fram að ef það er eitthvað sem mætti betur fara að ykkar mati þá endilega komið með það til okkar. Leikskólagangan er mikil samvinna og það gengur allt mun betur ef við ræðum hlutina jafnóðum og reynum að gera gott enn betra.



Breytingar í starfsmannahaldi á næsta skólaári:

Deildarstjórnarskipti verða á tveimur deildum á næsta skólaári. Íris Erla sem verið hefur deildarstjóri á Sjónarhóli mun færa sig yfir á Hlynskóga og Hrefna sem er deildarstjóri á Hlynskógum mun fara yfir á Sjónarhól. Þessi breyting er til eins árs. Deildarstjórnar munu sjá um að upplýsa foreldra um það á hvaða deildir börnin flytja og við munum láta vita sem fyrst hvernig starfsmannamálum verður háttað á öllum deildum eftir sumarfrí.

Hulduheimafréttir

2.tbl. 12 árg.

Við höfum fengið **niðurstöður úr foreldrakönnun Skólapúlsins** og erum við þakklát fyrir góða þátttöku. Svarhlutfall var 87,3%. Könnuninni er skipt í sex hluta. Hér að neðan má sjá útkomuna í prósentum en þær gefa til kynna hversu jákvæða afstöðu fólk hefur til viðkomandi þáttar (byggt á þeim matsspurningum sem voru lagðar fyrir í hverjum lið).

Könnunin kemur almennt vel út.

Í liðnum um **daglegt leikskólastarf** eru matsþættirnir ánægja með leikskólann(92,2%), hvort stjórnendur séu sýnilegir í daglegu starfi(85,9%), ánægja barnsins í leikskólanum (89,2%), hæfilegur fjöldi barna á deild (91,5%) og hollt mataræði(83%).

Í liðnum um **námsumhverfi** eru matsþættirnir vinnubrögð (80,4%), aðstaða (82,0%), félagsleg samskipti (100%) og þátttaka án aðgreiningar(97,8%).

Í liðnum um **samskipti við foreldra** eru matsþættir upplýsingamiðlun (55,1%), þekking á stefnu og námskrá leikskólans (73,1%), tengsl við starfsfólk leikskólans (94,5%), hvatning til þátttöku í leikskólastarfinu (63,8%), tímasetning viðburða (79,5%) og heimasíða leikskólans (93,2%). Í liðnum um **upphaf og lok leikskólagöngu** eru matsþættir leikskólabyrjun (70,8%), flutningur milli skólastiga (87,5%) og flutningur milli deilda (84%).

Í liðnum um **sérstakan stuðning og sérfræðipjónustu** eru matsþættirnir hlutfall sérkennslu og stuðnings (13%) og hlutfall sérfræðipjónustu (15,2%). Þarna er annars vegar spurt hvort barnið hafi fengið sérkennslu eða sérstuðning á skólaárinu og hins vegar hvort foreldrar hafi óskað eftir sérfræðipjónustu fyrir barnið á skólaárinu. Prósentan þar gefur til kynna hversu mörg börn nutu þessarar þjónustu. Niðurstöður könnunarinnar verða birtar á heimasíðu leikskólans innan skamms.

Ýmsar tillögur, hrós og ábendingar komu frá foreldrum í opnum spurningum sem við þökkum kærlega fyrir. Við erum að rýna í niðurstöður könnunarinnar og gera tillögur að úrbótum.

Vegna athugasemda í könnun er vert að vekja athygli á eftirfarandi:

- Deildarstjórnar eiga undirbúningstíma síðdegis og eru því ekki innan deildar í lok dags. Það er alltaf hægt að hafa samband í tölvupósti eða hringja og panta viðtalstíma hjá þeim.



Á döfinni:

10.maí Grænn dagur

15.maí Leikskóla-kennaranemar frá Belgíu verða hjá okkur í viku.

18.maí Útskrift elstu barna

23.maí Útskriftar-ferð elstu barna

Næsti starfsdagur er **7.júní**, þá er lokað í Hulduheimum.

Sumarfrí leikskólanna í Árborg sumarið 2017 er frá og með 6. júlí til og með 9. ágúst. Við opnum aftur 10. ágúst.